



Brynja

Vörunr. 8820

Lýsing

Brynja (8820) er mött terpentínubynnanleg akrýlmálning ætluð á steinsteypu og múr utanhúss. **Brynja** er mjög opin og kemur því ekki í veg fyrir eðlilega rakaútgufun. Málningin vætir mjög vel og hefur því mjög góða viðloðun við múr og steypu. Þar sem upplausnarefnið er terpentína má mála við mun lægra hitastig en með vatnsþynnanlegum málningum.

Notkun

Brynja hentar vel sem grunnur undir önnur málningarefni við erfiðar aðstæður, en einnig má nota hana eina sér í málningarkerfum. Eindregið er mælt með vatnsfælum undir **Brynju** á ómálaða steypu og múrhúð á sama hátt og undir aðrar utanhússmálningar. Með því er byggð upp vatnsvörn í sjálfum steininum.

Tæknilegar upplýsingar

Litir: Staðallitir auk litakerfis	Purrefni: 45 % (rúmmál)
Gljástig: 2	Þynnir: Terpentína
Pakkningar: 1, 4 og 10 lítra	Áhaldahreinsir: Terpentína
Efnisnotkun: 5 m ² /l	Þurrktími: 1 klst
Eðlisþyngd: 1,4 kg/l	Yfirmálun: Lágmark: 5 klst.

Undirmálun

Til að hindra enn frekar vatnsupptöku steins er gott að sílanbaða ómálaða fleti með Mónósílan eða Sílan 290.

Yfirmálun

Vitretex (8210) eða Steinsílan (8850) henta vel ofan á **Brynju**.

Áhöld

Rúlla, pensill eða sprauta.

Vinnutilhögun

Nýmálun

Flöturinn skal vera hreinn og þurr og a.m.k. mánaðar gamall. Fita, sementshúð, ryk, mold og önnur óhreinindi skulu fjarlægð. Bestur árangur næst með háþrýstipvotti og vandlegri burstun með strákústi. Sterklega er mælt með því að sílanbaða nýjan og/eða ómálaðan múr. Málið 2 umferðir með **Brynju** og í fyrri umferð skal þynna um 10 % með terpentínu en ekki neitt í þeirri síðari.

Endurmálun


Fjarlægið öll óhreinindi sem gætu skert viðloðun málningar við flötinn, eins og fitu, ryk og mold. Bestur árangur næst með háþrýstipvotti. Látið yfirborðið þorna og málið 2 umferðir með **Brynju** og skal þynna um 10 % með terpentínu í fyrri umferð en sú seinni skal vera óþynnt.

Athugasemdir

- Á grófhraunaða fleti skal þynna Brynju 10 - 15 % í hverri umferð.
- Mögulegt er að mála með **Brynju** við hitastig allt frá -10 °C til +30 °C.
- Hreinsið áhöld með terpentínu strax að lokinni notkun.

Varúðarmerkingar

Nauðsynlegt er að lesa og fara eftir notkunar- og öryggisleiðbeiningum. Ávallt skal varast innöndun lífrænna leysiefna og málningarúða. Mjög áriðandi er að hafa góða loftræstingu við meðhöndlun málninga sem þynntar eru með lífrænum leysiefnum. Þegar málningu er sprautað skal nota andlitsgrímur og nauðsynlegan hlífðarfatnað.



Inniheldur terpentínu.

Hættulegt við innöndun, í snertingu við húð og við inntöku.
Geymist þar sem börn ná ekki til.